# NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM VISTVÆNAN REKSTUR OG VISTVÆN INNKAUP STOFNANA RÍKSINS

Framkvæmd af stýrihópi um vistvæn innkaup

Apríl 2013



# FORSAGA

- Fyrsta stefna ríkisins um vistvæn innkaup var samþykkt 2009. Stefnan gilti til 2012.
- Fulltrúar í stýri- og vinnuhópi um vistvæn innkaup voru:

  Fjármála- og efnahagsráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Ríkiskaup, Umhverfisstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hafnafjarðarbær og Reykjavíkurborg.
- Við mótun nýrrar stefnu var leitað til hagsmunaaðila. Þessi könnun hjá forstöðumönnum ríkisstofnana er hluti af þeirri vinnu.
- Á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd höfðu ekki allar stofnanir fengið kynningarfund og vinnustofu, 141 stofnanir höfðu fengið boð á slíka fundi. Á þeim fundum fá stofnanir kynningu á þeim verkfærum sem meðal annars er spurt um í könnuninni.

VISTVÆN INNKAUP

# KÖNNUN UM VISTVÆNAN REKSTUR OG VISTVÆN INNKAUP STOFNANA RÍKISINS

- Framkvæmd í byrjun árs 2013.
- Send 24. janúar, skiladagur var 8. febrúar.
- Tvær ítrekanir voru sendar.
- Óskað var eftir að forstöðumenn stofnana svöruðu könnun.
- Sendur var tengill á könnunina: http://vinn.is/konnun
- Könnun send á 194 stofnanir samkvæmt forstöðumannalista stofnanna ríkisins.
- 120 kláruðu könnunina, eða 62%.
- Könnun var þrískipt; spurt var um umhverfisstarf stofnana, um vistvæn innkaup og aðeins tæpt á atriðum sem viðkoma græna hagkerfinu.
- Könnun sýnir viðhorf og viðleitni stofnana og er ekki mat á raunverulegri frammistöðu.




VISTVÆN INNKAUP

# UMHVERFISSTARF STOFNANA

# SPURT VAR UM UMHVERFISSTARF STOFNANA

- Hefur stofnunin sett sér umhverfisstefnu?
- Hefur stofnunin sett sér markmið og aðgerðaáætlun um umhverfisstarf í samræmi við umhverfisstefnuna?
- Flokkar stofnunin úrgang og skilar til endurvinnslu?
- Býður stofnunin starfsfólki sínu að gera samgöngusamning?
- Heldur stofnunin grænt bókhald?
- Vinnur stofnunin að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis, s.s. ISO 14001 eða sambærilegs staðals eða starfar nú þegar samkvæmt ISO 14001?

VISTVÆN INNKAUP

# UMHVERFISSTARF STOFNANA - SVÖR

- Umhverfismál komin á dagskrá hjá mörgum stofnunum.
- 40% stofnana hafa sett sér umhverfisstefnu, aðeins færri sett sér markmið og aðgerðaáætlun.
- 80% stofnana flokka og skila til endurvinnslu.
- 20% stofnana halda grænt bókhald.
- Fáar stofnanir að vinna að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis.
- Sé rýnt í gögnin örlar á misræmi í svörum, sem getur verið vegna þess að hugtök eru á reiki og yfirsýn svarenda skortir.




VISTVÆN INNKAUP

# HVER ER HELSTA HINDRUNIN VIÐ AÐ VINNA AÐ UMHVERFISSTARFI STOFNUNARINNAR?

Spurningin var opin, 101 stofnun af 120 svöruðu. Svörin voru flokkuð og sama stofnun gat gefið fleiri en eina ástæðu.



# HVER ER MESTI ÁVINNINGURINN AF ÞVÍ AÐ VINNA MEÐ UMHVERFISSTARF?

Spurningin var opin, 90 stofnanir af 120 svöruðu. Svörin voru flokkuð og sama stofnun gat gefið fleiri en eina ástæðu.




VISTVÆN INNKAUP

# VISTVÆN INNKAUP STOFNANA

# SPURT VAR UM VISTVÆN INNKAUP STOFNANA

- Hefur stofnunin gert innkaupagreiningu, þ.e. metið umfang innkaupa, fjölda og eðli samninga og skoðað innkaupahætti stofnunarinnar?
- Hefur stofnunin innkaupastefnu eða innkaupareglu sem gerir kröfu um umhverfismál (s.s. takmarkanir á efnum sem eru hættuleg heilsu eða umhverfi, orkunýtni og endurnýjanlega orku, úrgang og umhverfisstjórnun)?
- Hefur stofnunin upplýst helstu birgja sína um stefnu sína í vistvænum innkaupum?
- Hefur verið myndað teymi innan stofnunarinnar um vistvæn innkaup?
- Þekkir innkaupafólk til umhverfisskilyrða VINN á heimasíðu vistvænna innkaupa; vinn.is?

VISTVÆN INNKAUP

# VISTVÆN INNKAUP STOFNANA

- 32% hafa gert innkaupagreiningu, sem er hugsuð til að bæta yfirsýn og eðli fyrirkomulags innkaupa.
- 43% hafa sett sér innkaupastefnu þar sem gerðar eru kröfur um umhverfismál.
- 33% hafa stofnað teymi um vistvæn innkaup.



# VISTVÆN INNKAUP STOFNANA SEM SÓTT HAFA FUNDI

- Skoðuð voru sérstaklega svör stofnana sem sótt höfðu fundi (kynningarfund og vinnustofu).
- Stofnanir sem sótt hafa fundi virðast lengra komnar við innleiðingu á vistvænum innkaupum.



# VISTVÆN INNKAUP STOFNANA




Nýtir stofnunin rammasamninga ríkiskaupa?




Kemur stofnunin að vinnu við útboðsgögn?




Setur innkaupafólk fram umhverfiskröfur við smærri innkaup?

VISTVÆN INNKAUP

# EF STOFNUNIN KEMUR AÐ VINNU ÚTBOÐSGAGNA, HAFA UMHVERFISSKILYRÐI VINN VERIÐ HÖFÐ TIL HLIÐSJÓNAR?

- Af þeim 62 stofnunum sem koma að vinnu við útboðsgögn hafa 25 stofnanir haft umhverfisskilyrði VINN, oft, stundum eða alltaf til hliðsjónar
- 37 stofnanir sögðust sjaldan eða aldrei hafa haft umhverfisskilyrði VINN til hliðsjónar.




VISTVÆN INNKAUP

# EF STOFNUNIN HEFUR SJALDAN EÐA ALDREI HAFT UMHVERFISSKILYRÐI VINN TIL HLIÐSJÓNAR, HVERS VEGNA?

Spurningin var opin, 51 stofnanir af 120 svöruðu. Svörin voru flokkuð og sama stofnun gat gefið fleiri en eina ástæðu.

1. Þekkingarskortur á verkefninu VINN – birtist í breytilegum ummælum (23 svör)

2. Ríkiskaup sjá um útboð/lítil stofnun (19 svör)

3. Áhuga hefur skort (3 svör)

VISTVÆN INNKAUP

# EF INNKAUPAFÓLK HEFUR SJALDAN EÐA ALDREI SETT FRAM UMHVERFISKRÖFUR VIÐ SMÆRRI INNKAUP, T.D. MEÐ ÞVÍ AÐ NOTA GÁTLISTA VINN, HVERS VEGNA?

Spurningin var opin, 46 stofnanir af 120 svöruðu. Svörin voru flokkuð og sama stofnun gat gefið fleiri en eina ástæðu.

1. Aldrei heyrt um VINN eða verkefnið/verkefnið ekki nægilega kynnt/þekkingarskortur (27 svör)

2. Stofnun vinnur að undirbúningi við innleiðingu vistvænni innkaupa (8 svör)

3. Verðið ræður (3 svör)

4. Lítil sem engin innkaup (2 svör)

VISTVÆN INNKAUP

# ER TEKIÐ TILLIT TIL LÍFTÍMAKOSTNAÐAR (E.LCC, LIFE CYCLE COSTING) EÐA EINGÖNGU INNKAUPAVERÐS VIÐ MAT Á ÚTBOÐUM?



# HAFA STARFSMENN FENGIÐ FRÆÐSLU UM VISTVÆN INNKAUP?



# GAGNSEMI VEFSVÆÐIS VISTVÆNNI INNKAUPA (VINN.IS) OG KYNNINGARFUNDA OG VINNUSTOFA UM VISTVÆN INNKAUP

- Spurningin er gölluð, hún er skylduspurning þó sumir hafi ekki forsendur til að svara.
- Meirihluti stofnana sem svara mjög eða nokkuð gagnleg hafa sótt fundi.
- Meirihluti þeirra sem svara „Ekki gagnleg", „Lítið gagnleg" eða „Hvorki né" höfðu ekki sótt fundi og þekktu því e.t.v. ekki til stefnunnar og verkfæra.



# HVERSU VEL EÐA ILLA TELUR ÞÚ AÐ STOFNUNIN ÞÍN STANDI SIG Í VISTVÆNUM INNKAUPUM?



# HVERSU AUÐVELT EÐA ERFITT ER FYRIR STOFNUNINA AÐ STUNDA VISTVÆN INNKAUP?

- Meirihluti þeirra sem svara „Hvorki né“, eða 63% hafa ekki sótt fundi.




VISTVÆN INNKAUP

# HVER ER HELSTA HINDRUNIN VIÐ VISTVÆN INNKAUP Í YKKAR STOFNUN?

Opin spurning, 101 af 120 stofnunum svöruðu. Sama stofnunin gat gefið fleiri en eina ástæðu.



# HVAÐ ÞARF TIL AÐ STOFNUNIN ÞÍN VINNI MEIRA MEÐ VISTVÆN INNKAUP?

Opin spurning, 80 af 120 stofnunum svöruðu. Sama stofnunin gat gefið fleiri en eina ástæðu.




VISTVÆN INNKAUP

# HVERNIG AÐSTOÐ MUNDI NÝTAST STOFNUN YKKAR VIÐ VISTVÆN INNKAUP?

Opin spurning, 84 af 120 stofnunum svöruðu. Sama stofnun gat gefið fleiri en eina ástæðu.

1. Fræðsla og meiri fræðsla (25 svör)
2. Ýmis konar aðstoð við innleiðingu, s.s. vinnustofur, ráðgjöf (25 svör)
3. Vöruúrval, s.s. upplýsingar, um vistvænar og hagstæðar vörur og rammasamningar Ríkiskaupa (12 svör)
4. Aðgengilegar upplýsingar og vinn.is (12 svör)
5. Auknir fjármunir (5 svör)
6. Einfalda lagaramma (1 svar)



# GRÆNT HAGKERFI

# BIRTIR STOFNUNIN ÁRANGURSVÍSA SAMKVÆMT GRI (GLOBAL REPORTING INITIATIVE) SJÁLFBÆRNISVÍSUNUM?

- Ein stofnun af 120 birtir árangursvísa samkvæmt GRI (Global Reporting Initiative) sjálfbærnisvísunum.

VISTVÆN INNKAUP

# HVE VEL EÐA ILLA ÞEKKIR STOFNUNIN TIL ÁHERSLNA GRÆNA HAGKERFISINS?




VISTVÆN INNKAUP

# SAMANTEKT

Almennt gefur könnunin til kynna að umhverfismálin og vistvæn innkaup eru komin á dagskrá,  viðhorf virðist vera jákvætt og stofnanir virðast almennt vera tilbúnar til að koma umhverfismálum og vistvænum innkaupum í lag.

Jarðvegurinn er með öðrum orðum góður.